

## Verkefnaráð

### Fundargerðir: Verkefnaráð 10.01.2023

Verkefnastjórnunartól f. verkefnastofu ÞON.....	2
Umsjónarkerfi Götulýsingar í RVK.....	3
Eftirlit heilbrigðisefirlitsins .....	4

# Verkefnaráðsfundur 02.02.2023

<b>Verkefni</b> Verkefnaráð	<b>Yfirskrift fundar</b> Verkefnaráðsfundur 02.02.2023
<b>Dagsetning</b> 02.02.2023	<b>Staðsetning</b> Borgartún 12-14
<b>Mættir:</b> Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Stefán Viðar Grétarsson, Jón Hafstein Jóhannsson, Hugrún Ösp Reynisdóttir, Georg Kristinsson, Velina Apostolova	
<b>Fjarverandi:</b> Enginn	
<b>Fundarritari:</b> Edda Jónsdóttir	

## Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 2. febrúar 2023, kl. 10-11- 5. hæð austur Norðurkot, Höfðatorg, Borgartún 12-14,  
@webex

10:00-10:05 Uppstilling  
10:05-10:15 Verkefnastofa ÞON - Georg  
10:15-10:20 Umræður  
10:20-10:30 Umsjónarkerfi Götulýsingar í RVK - Velina  
10:30-10:35 Umræður  
10:35-10:45 Eftirlit heilbrigðiseftirlitsins - Velina  
10:45-10:50 Umræður  
10:50-11:00 Rafrænar beiðnabækur - Ragnheiður og Stefán  
11:00 Fundi slitið

## Verkefnastjórnunartól f. verkefnastofu ÞON

Í dag er ekkert heildstætt faglegt verkefnastjórnunartól í notkun hjá ÞON til að halda utan um verkefni á Verkefnastofu ÞON en þess í stað eru notaðar margar ólíkar lausnir notaðar við faglega verkastýringu. Þetta leiðir af sér að skilvirkni er ekki eins ákjósanleg og verið gæti, vinna við uppsetningu á verkefnum og tímaáætlunum gæti gengið hraðar fyrir sig auk þess sem yfirsýn yfir verkefni gæti verið betri.

Árið 2021 var framkvæmd frumgreining til að kanna möguleika á vali og innleiðingu heildstæðs faglegs verkefnastjórnunartóls fyrir ÞON. Niðurstaðan voru tillögur sem flestar hafa verið uppfylltar með því að skýra og skrá ferla auk þess að WBS (*Work Breakdown Structure*) var uppfært yfir í *demó* af verkefnastjórnunartóli.

Óskað er eftir því að nýta *JIRA-Software* sem verkefnastjórnunartólið til að auðvelda vinnu verkefnastjóra ÞON enn frekar auk þess að skapa aukin afköst og gæði. Þá væri hægt að útvíkka verkefnið á fleiri strauma verkefna og vara hjá ÞON ef innleiðing gengur vel sem og að byggja á lærdómi innleiðingar hjá Verkefnastofu ÞON til að hámarka skilvirkni í innleiðingarferlinu. Fyrirhugað er að nýta *Jira Software* sem grundvöll sem yfirsýn yfir öll verkefni og vörur hjá ÞON þar sem hægt væri að kalla fram rauntíma gögn úr verkefnaskrá sem væru beintengd við *Agresso*, fjárhagskerfi borgarinnar.

### Niðurstaða verkefnaráðs

Verkefni úthlutað til verkefnastofu og lagt til að fenginn verði verkefnastjóri við innleiðingu á lausn til að halda heildsætt utan um faglega verkefna- og vörustjórnun hjá ÞON. Lagt er til að skoðuð verði þær lausnir sem borgin er nú þegar með samninga um auk þess að hugað verði að notendaleyfum þegar *Jira Software* er skoðað. Innkaupaleið rýnd sérstaklega og verkefni sett í forgang enda mikilvægt að heildstætt verkefnastjórnunartól verði tekið í notkun hjá ÞON sem fyrst.

### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnatillögu
2	Verkefnaráð leggur til að fenginn verði verkefnastjóri á vegum verkefnastofu ÞON til að halda halda utan um innleiðinguna

### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnastofa fær verkefnatillögu úthlutað	EJ	x
2	Verkefnastofa úthlutar verkefnatillögu til verkefnastjóra sem hefur störf, helst strax.	GK	x

## Umsjónarkerfi Götulýsingar í RVK

Ákveðið hefur verið af hálfu fyrirtækisins Orku náttúrunnar (ON) að leggja niður þá deild fyrirtækisins sem hefur hingað til þjónustað Reykjavíkurborg (RVK) um rekstur og viðhald götulýsingar í borginni. Kerfið sjálft (ljósastaurar, lampar, kassar osfrv.), er í eigu RVK en ON hefur hingað til séð alfarið um rekstur og viðhald kerfisins.

Vegna þessarar ákvörðunar mun RVK taka yfir rekstur á kerfinu meðan þriðji aðili þ.e. fyrirtækið Ljós kvistar mun sjá tímabundið um viðhaldið, þar til RVK er tilbúin að bjóða verkið út. Er þetta niðurstaða samkomulags milli ON og borgarinnar en uppsagnarákvæði í samningum við ON kvað á um eins árs frest. Staðan er þó sú að RVK (*USK, Skrifstofa reksturs og umhirðu*) mun taka yfir rekstur allrar götulýsingar í borginni í síðasta lagi þann 1. apríl nk. til að koma í veg fyrir þjónustufall í viðhaldi götulýsingar.

Búið er að framkvæma forgreiningu á hvaða lausnir gætu haldið utan um rekstur og viðhald á götulýsingum í borginni. Á grundvelli hennar er ljóst að lausnin frá *MainManager*, sem m.a. Landsnet nýtir, er best til þess fallin að uppfylla umfang verkefnisins auk þess að það væri ódýrasta leiðin fyrir borgina. Nánari upplýsingar um forgreiningu verkefnatillögurnar og tæknilegar kröfur má sjá í fylgigögnum þessarar fundargerðar.

Ljóst er að bregðast þarf hratt við i ljósi alvarleika málsins en ógerlegt er fyrir RVK að halda utan um eignarsafn sitt án einhverskonar hugbúnaðar sem og tryggja viðhald götulýsinga ef ekki næst að innleiða lausn fyrir apríl 2023.

Tækniteymi RVK (*USK, Skrifstofa reksturs og umhirðu*) er vel í stakk búið til að hefja verkefnið og er meðal annars búið að ráðstafa starfsmanni í utanumhald verkefnisins af þeirra hálfu. Óskað er eftir aðstoð frá ÞON við kaup (eða viðbætur við samning) á eignaumsjónakerfi *MainManager* og innleiðingu á kerfinu.

Kostnaður við uppsetningu og innleiðingu er áætlaður um 3,9 milljónir + vsk. auk leyfisgjalda sem áætluð eru um 250 þúsund krónur + vsk á mánuði.

Tímalína : Kerfi þarf að fara í notkun fyrir 1. apríl 2023.

### Niðurstaða verefningaráðs

Verkefni er samþykkt og úthlutað til verkefnastofu sem hefur umsjón með innleiðingu og aðlögun lausnarinnar *MainManager* að þörfum verkefnisins. Starfsmaður USK stýrir verkefninu og fær stuðning frá stafrænum leiðtoga og verkefnastofu eftir þörfum við framkvæmd. Verkefni skal sett í forgang. ÞON mun fjármagna fjárfestingu í formi viðbótarkaupa við gildandi samning RVK um *MainManager*. Rekstur lausnar verður gjaldfærður til USK svk. gjaldskrá ÞON.

### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefninu er stýrt af hálfu USK, með stuðningi frá Verkefnastofu ÞON
2	Verkefni sett í forgang

### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Stafrænn leiðtogi upplýsir hagaðila um niðurstöðu verkefnaráðs og skýrir hlutverk.	EJ	
2	Verkefni sett í forgang hjá verkefnastofu ÞON	GK	

## Eftirlit heilbrigðiseftirlitsins

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þarf kerfi til að halda utan um og sinna lögbundnu eftirlit. Kerfið þarf að geta haldið utan um viðskiptamannaskrá (fyrirtæki með starfsleyfi eða skráningarskyld fyrirtæki), sett upp áætlanir um eftirlit eftir ákveðnum forsendum og sent heilbrigðisfulltrúum tilkynningar og áminningar fyrir reglubundið eftirlit sem er á dagskrá hverju sinni. Nánari upplýsingar um þarfir kerfis og ferla má sjá í fylgigögnum þessarar fundargerðar.

Í dag er haldið utan um eftirlit og sögu þess í lausninni GoPro HER (starfsleyfi og öll gögn sem tengjast viðkomandi leyfi og viðskiptavin). Haldið er utan um sjálfa eftirlitsáætlunina fyrir árið í excelskjali, þar sem skráðar eru ýmsar forsendur, margir flokkar og áhættumat sem stýra hversu oft þarf að fara í eftirlit, en einnig ábendingar, kvartanir eða uppakomur í eftirliti. Við hvert eftirlit er unnin skýrsla í iAuditor sem gefist hefur vel en sú krafa er nú komin upp um að þær skýrslur séu birgar. Þá þarf að tryggja betri umsýslu og yfirlit allra leyfa, alls eftirlits og tryggja rekjanleika, allar skýrslur og stöður mála. Rof er hins vegar á milli kerfa t.d. iAuditor og GoPro. Öllu eftirliti fylgir því mikil sóun á tíma, mikil handavinna og tvíverknaður við að færa upplýsingar á milli kerfa með tilheyrandi villuhættu og mistökum við skráningar.

Rætt hefur verið við aðra eftirlitsaðila á Íslandi og önnur heilbrigðiseftirlit erlendis til að kanna hvaða lausnir eru í notkun og hver reynslan af þeim sé. Einnig hefur verið rætt við vörustjóra og upplýsingatækniarkitekta borgarinnar og skoðað hvort hægt sé að nota kerfi sem eru nú þegar í notkun hjá Reykjavíkurborg. Til tals hefur komið eignaumsjónakerfið frá MainManager sem er í innleiðingu hjá borginni. Það kerfi er með eftirlitsmódúl og uppfyllir margar af þeim kröfum sem komið hafa upp úr þarfagreiningu HER. Einnig er töluverð hagkvæmni fólgin í því að nota kerfi sem aðrir innan borgarinnar eru nú þegar að nota og fækka þar með kerfum í notkun, auðvelda samþættingar við önnur kerfi (t.d. aðgangsstýringu, Hlöðuna og Agresso) og koma í veg fyrir að upplýsingar séu geymdar á mörgum stöðum.

### Niðurstaða Verkefnaráðs

Búið er að undirbúa og kortleggja starfsemina og ná utan um fyrstu skref í þarfagreiningu með sérfræðingum á sviðinu. Óskað er eftir verkefnastjóra frá ÞON til að fara í hefðbundið ferli og rýna betur greiningu með hagaðilum, kanna formlega hvaða kerfi sem nú þegar eru í notkun gætu uppfyllt þarfir, annars að fara í markaðskönnun eða aðra þá innkaupa-/útboðsleið sem hentar.

Verkefnaráð samþykkir verkefnið og að úthluta verkefnastjóra til þess. Lagt til að verkefnastjóri taki greiningu á þörfunum og möguleikum *Main manager* og leggi upp í ákvörðunartöku um innkaupaleið. Rýna þarf hvort kerfið uppfylli allar skyldukröfurnar eða hvort það séu ófrávíkjanlegar kröfur sem það uppfyllir ekki og kortleggja þær. Byggt á því verður hægt að senda út RFI á markaðinn og kanna hvað er til sem uppfyllir þær þarfir.

Tillögur: Þar sem enn er margt í mótun er æskilegt að hvetja eiganda verkefnis í nánara samtal við sameinað heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Garðarbæjar, Seltjarnarness og Kópavogs með það að markmiði að skoða möguleg samlegðaráhrif til skemmri eða lengri tíma.

### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt er að fjármagna verkefnið og setja verkefnastjóra í það frá ÞON sem framkvæmi dýpri greiningu með hagaðilum og út frá því valin innkaupaleið/innleiðing.
2	Lagt er til að kanna fyrst hvort kerfið sem til er mæti skylduþörfum og ná utan um áætlaðan kostnað.

### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Ákvörðun tilkynnt teymisstjóra verkefnastýringar, verkefnið fer í bið eftir verkefnastjóra og verður tilkynnt til USK þegar áætlað er að hægt verði að úthluta í verkefnið.	EJ	x
2	Stafrænn leiðtogi tilkynnir ákvörðun til USK.	EJ / VA	x

### Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn svk. dagskrá.